



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3039
komudagur 2.7.2008

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðinefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. júní 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að vera beðin um umsögn um ofangreint mál.

Félagið tilnefndi fulltrúa sinn í nefnd þá sem heilbrigðisráðherra skipaði þann 2. október 2007 sem er Ólafur Stefánsson. Jafnframt var varaformaður stjórnar LÍ skipaður í nefndina af Sjúkrahúsi Akureyrar. Félagið er því þeirrar skoðunar að sjónarmið þess hafi náð vel fram að ganga innan nefndarinnar og lýsir almennt ánægju sinni með frumvarpið.

Þó er bent á að í 8. tl. 3. gr. frumvarpsins, sem fjallar um skilgreiningu á sameiginlegu sjúkraskrárkerfi, er talað um rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Það er skilningur félagsins á sameiginlegu sjúkraskrárkerfi að það geti verið rafrænt sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnunar og starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Til að ekki valdi misskilningi telur félagið því til bóta ef skotið er inn í setninguna orðinu „og“ þannig að setningin verði svohljóðandi: „Rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana og/eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

Það er skoðun félagsins að það séu hagsmunir sjúklinga að ráðherra heimili að færðar séu og varðveittar sjúkraskrár sjúklinga í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi, sbr. 21. gr. frumvarpsins, enda sé þar til greindum skilyrðum fullnægt. Því er það jafnframt skoðun félagsins að ráðherra hljóti að meginstefnu til að heimila slíkt sameiginlegt rafrænt sjúkraskrárkerfi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður